

# Fundargerð 86. fundar

## stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 12. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Valdimar O. Hermannsson og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

**1. Fundartími stjórnar veturinn 2025-2026 - 2509011SK**

Lagt var til að stjórnarfundir veturinn 2025-2026 verði á miðvikudögum kl. 8:00 og festir verði fjórir fundir út veturinn en boðað verði til funda aukalega ef tilefni er til.

*Stjórn samþykkir tillögu að fundartíma veturinn 2025-2026.*

**2. Aðalfundur samtakanna 2025 - 2509007SK**

Lögð fram fundargerð frá aðalfundi samtakanna 1. október sl. til samþykktar.

*Fundargerð aðalfundar 2025 samþykkt.*

**3. Þingmálaskrá og fundur með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra - 2509014SK**

Lagt fram til umræðu úrdráttur úr þingmálaskrá þar sem finna má þau lagafrumvörp sem líkleg eru til að hafa áhrif á málefni SSKS. Einnig var til umræðu fundur með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

*Almennar umræður um þau mál sem eru á þingmálaskrá sem og samtal við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.*

**4. Frumvarp til laga til breytinga á raforkulögum - raforkuviðskipti - 2509008SK**

Til kynningar umsögn um frumvarp til breytinga á raforkuorkulögum (raforkuviðskipti).

*Lagt fram.*

**5. Önnur mál - 2509013SK**

Önnur mál til umræðu.

*Almennar umræður um málefni samtakanna þar á meðal umræða um haustfund Landsvirkjunar og mikilvægi þess að raforkumarkaður á Íslandi sé virkur þar sem raforkuverð t.d. lækkar þegar offramboð er á raforku.*

Fundi var slitið kl. 09:00